

Nd.

66. Frumvarp

til laga um breyting á lögum nr. 52, 27. júní 1925, um verzlunaratvinnu.

Flutningsm.: Jón Ólafsson, Héðinn Valdimarsson, Sigurjón Á. Ólafsson og Magnús Jónsson.

3. gr. laga nr. 52, 27. júní 1925, 5. liður orðist þannig:

Fullnægir þekkingarskilyrðum þeim, er hér segir:

- I. a. Hefir lokið fullnaðarprófi frá Verzlunarskóla Íslands, Samvinnuskólanum eða skóla, sem eigi gerir minni kröfur um þekkingu á verzlun og viðskiptum.
 - b. Auk þess stundað verklegt nám í verzlun eða skrifstofu eitt ár eða meira.
- II. a. Hefir stundað verklegt nám í verzlun eða skrifstofu 3 ár eða meira.
 - b. Sannar að hann kunni að færa þær bækur, sem lögboðið er að bókhalds-skyld fyrirtæki skuli halda.
- III. a. Hefir lokið stúdentsprófi.
 - b. Sannar þekkingu sína á bókhaldi, shr. II. b.
 - c. Auk þess stundað verklegt nám í verzlun eða skrifstofu eitt ár eða meira.

Atriði þau, sem um ræðir í II. b. og III. b., skulu sönnuð með vottorði hæfra manna, er ráðherra tilnefnir í samráði við Verzlunarráð Íslands, Samband isl. samvinnufélaga og Samband verzlunarmannafélaga Íslands.

Fyrirmæli þessa töluliðs taka ekki til sveitaverzlana, og getur ráðherra, veitt undanþágu smásölum utan kaupstaða, ef ástæður mæla með.

Greinargerð.

Flutningsmenn flytja frumvarp þetta eftir ósk Verzlunarmannafélags Reykjavíkur og Verzlunarmannafélagsins Merkúr, en áskilja sér óbundnar hendur um einstök atriði málsins. Frumvarpinu fylgdi svolátandi greinargerð:

Samkvæmt lögum um verzlunaratvinnu, nr. 52, 27. júní 1925, 3. gr. 5. lið, er gert ráð fyrir, að þeir, sem verzlunarleyfi fá, þurfi að hafa þekkingu á bókhaldi og vörum, og skulu nánari fyrirmæli um þetta sett af ráðherra. Reglugerð um þetta efni var svo birt með auglýsingu 31. des. sama ár, en af ástæðum, sem ekki eru fullkunnar, virðist gengið mun skemurra í reglugerðinni en löggjafinn hafði ætlazt til, þar sem meðal annars gagnfræðapróf er talið nægilegt til að fullnægja umræddum skilyrðum.

Heppilegt virðist, að lögin sjálf kveði á um þau skilyrði, sem hér að lúta, og er þess vegna lagt til að nefndri grein laganna verði breytt samkvæmt því, sem breytingartillagan kveður á um. Breytingartillaga þessi er að mestu leyti sniðin eftir 17. gr. í frumvarpi til laga um verzlunarnám og atvinnuréttindi verzlunarmanna.